

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróargjald skv. gjaldskrá þessari, sbr. 26. gr. samþykktar um fráveitur í Húnaþingi vestra nr. 639/2013.

2. gr.

Gjald vegna hreinsunar rotþróa skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-2.000 lítra	kr.	10.200	pr. þró
Rotþró 2.001-4.000 lítra	kr.	12.300	pr. þró
Rotþró 4.001-6.000 lítra	kr.	14.600	pr. þró
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr.	3.700	pr./m ³

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibíls sé 50 metrar eða styttri.

Fyrir barkalengd umfram 50 metra skal eigandi greiða sérstaklega skv. reikningi.

3. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 24. nóvember 2021, með stoð í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og á grunni samþykktar um fráveitur í Húnaþingi vestra nr. 639/2013, til að öðlast gildi 1. janúar 2022. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1285/2020.

Hvammstanga, 24. nóvember 2021.

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2021